

SKÓLASKRIFSTOFA  
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31  
220 HafnarfjörðurOpin mán.-fös. kl. 8-16.  
Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

## RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfus Hallgrímsson  
þróunarfulltrúi grunnskóla  
vigfus@hafnarfjordur.is

## MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á [vigfus@hafnarfjordur.is](mailto:vigfus@hafnarfjordur.is). Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

## DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR  
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Nemendur eru um 3800 í nálægt 180 bekkjardeildum og kennarar eru hátt í 400 en starfsmenn allir kringum 600. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.  
[www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)
- Engidalsskóli.  
[www.engidalsskoli.is](http://www.engidalsskoli.is)
- Hraunvallaskóli.  
[www.hraunvallaskoli.is](http://www.hraunvallaskoli.is)
- Hvaleyrarskóli.  
[www.hvaleyrarskoli.is](http://www.hvaleyrarskoli.is)
- Lækjarskóli.  
[www.laekjarskoli.is](http://www.laekjarskoli.is)
- Setbergsskóli.  
[www.setbergsskoli.is](http://www.setbergsskoli.is)
- Víðistaðaskóli.  
[www.vidistadaskoli.is](http://www.vidistadaskoli.is)
- Öldutúnsskóli.  
[www.öldutunsskoli.is](http://www.öldutunsskoli.is)
- Barnaskóli Hjallastefnunnar  
[www.hjalli.is/bsk7610](http://www.hjalli.is/bsk7610)

SKÓLASKRIFSTOFA  
HAFNARFJARÐAR

## Skólavefritið

4. ÁRGANGUR, 12. TBL.

2. NÓVEMBER 2007

## Námskeiðahald haustannar í fullum gangi

Námskeiðahald Skólaskrifstofunnar er nú hálfnað á haustmísserinu þar sem meginþungi kennslunnar fer fram í október og nóvember. Þannig var nokkrum námskeiðum lokið fyrir vetrarfrí grunnskólanna og önnur taka nú við en nokkur námskeiðanna standa bæði yfir í október og nóvember. Þannig hefjast fjögur námskeið í næstu viku og eitt sem átti að hefjast fellur niður (sjá bakhlið *Skólavefritsins*).

Nokkur atriði hafa einkennt námskeiðahaldið það sem af er hausti. (1) Það hafa mörg námskeið verið í boði en aðsókn er misjöfn. (2) Nokkur námskeið hafa verið felld niður sökum ónógrar þátttöku sem er talsvert meira um nú en í

fyrri. (3) Meira hefur verið um forföll á námskeiðum það sem af er hausti sé miðað við síðasta vetur. Þannig hefur mæting á einstaka námskeið verið allt að 1/3 skráðra, þ.e. um þriðjungur þeirra sem skráðu mættu á það. Nú er alltaf svo að forföll geta komið upp á og mörg þeirra hafa verið tilkynnt til Skólaskrifstofunnar eins og

óskað hefur verið eftir. En forföll hafa verið meiri en þau sem skráð hafa verið til Skólaskrifstofunnar og getur það valdið vanda á köflum að hafa ekki réttar upplýsingar um hverjir ætli að sækja námskeið. Munið því að tilkynna forföll tímanlega. Enn er hægt að skrá sig á námskeið sem eru að hefjast.



Frá fagfundi kennara í Áslandsskóla fyrir í haust.

## Fjölgun nemenda af erlendum uppruna

Erlendum starfsmönnum fjölgar á íslenskum vinnu- markaði þessi misserin og um leið fjölgar börnum af erlendum uppruna í grunnskólum bæjarins. Haustið 2007 var 55% fjölgun nemenda sem hafa íslensku sem annað tungumál í grunnskólum Hafnarfjarðar frá haustinu á undan sem er fjölgun frá 86 í 133 nemendur. Þeir eru þó enn sem komið er lítið brot af nemendum grunnskólanna í heild sinni eða 3.5% en þeir þurfa mikla þjónustu til að fá menntun við hæfi. Auka þarf fjármagn til þjónustu við nýbúanemendur sem er margs konar. Það er þjónusta er snýr að móðurmáls-

kennslu nýbúa, íslensku- kennslu, þátttöku þeirra í almennum bekkjarstarfi og skipulagi ráðgjafar við breyttar kennsluáðstæður í grunnskólum.

Sú skipulagsbreyting var gerð á árinu að móttökudeild nýbúa í Lækjarskóla tekur aðeins inn nemendur frá 4.-10. bekk en yngri nemendur sem



## Skólaþróun

áður komu beint í móttökudeildina fara nú strax í sinn heimaskóla. Þegar móttökudeildin hóf starfsemi árið 2002 hófu 3 nemendur nám þar en haustið 2007 eru þeir nálægt 25 og margir nýbúanemendur í 1.-3. bekk hófu nám strax í grunnskólanum sínum í haust eða milli 10 og 20 nemendur.

Það er verkefni næstu ára í skólafarfi að aðlaga skólafarfið að breyttum aðstæðum þar sem íslenska er ekki sjálfgefið móðurmál allra nemenda grunnskólanna. Mikilvægt er að allir nemendur séu aðlagaðir að breyttum aðstæðum og að samfélagið axli þá ábyrgð sem í þessari áskorun er fólgið.



## Námskeið í næstu viku

### mánudagur 5. nóv.

- Námskeið 102: **Stærðfræðikennsla yngstu nemenda** kl. 15-17.30 í Menntasetrinu við Lækinn. (1. tími.)

- Námskeið 502: **Útikennsla í almennum námsgreinum - miðstigi** kl. 15-16.30 í Menntasetrinu við Lækinn, 2. hæð. (1. tími.)

- Námskeið 301: **Grunnatriði í myndvinnslu** kl. 15-17 í Menntasetrinu við Lækinn, 2. hæð tölvustofa. (1. tími.) - A-hópur.

### þriðjudagur 6. nóv.

- Námskeið 301: **Grunnatriði í myndvinnslu** kl. 15-17 í Menntasetrinu við Lækinn, 2. hæð tölvustofa. (1. tími.) - B hópur.

### fimmtudagur 8. nóv.

- Námskeið 101: **Kennsla tvítýngdra nemenda í byrjendanámi** kl. 15-17 í Lækjarskóla. (4. tími.)

- Námskeið 602: **Nýliðinn - Að stýra kennslu og nemendum** kl. 15-16.30 á Skólaskrifstofu, 3. hæð. (1. tími.)

- Námskeið 304: **Kennsluefnis- og leikjagerð fyrir vefinn** kl. 15-18 í Menntasetrinu við Lækinn. (3. tími.)

### föstudagur 9. nóv.

- Námskeið 205: **Árangursstjórnun til árangurs í skólástjórnun** kl. 14-16 í Menntasetrinu við Lækinn. (2. tími.)

Næsta blað *Skólavefritsins* er væntanlegt föstudaginn 9. nóvember 2007

## Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

- » Námskeið 402, **Að efla munnlega tjáningu í unglingskennslu**, á vegum Skólaskrifstofunnar sem hefjast átti á mánudag 5. nóvember fellur niður sökum ónógrar þátttöku.
- » **Miðvikudaginn 7. nóvember kl. 16-18 verður haldinn fræðslufundur um styrktarþjálfun og hreyfingu barna og unglinga** í fyrirlestrarsal Setbergsskóla sem er í sama húsnæði og íþróttahús skólans. Á fundinum verða fluttir tveir fyrirlestrar: (1) **Styrkjarþjálfun barna og unglinga** (Örn Ólafsson) og (2) **Hópur í óbyggðum** (Smári Stefánsson). Fræðslufundurinn er ætlaður íþróttakennurum grunnskólanna, þjálfurum íþróttafélaga í bænum, kennurum og öðrum sem hafa áhuga á hreyfingu og íþróttum í æskulýðs- og tómstundastarfi. Fritt er á fræðslufundinn en það þarf að skrá sig á fundinn í síðasta lagi mánudaginn 5. nóvember. Skráning gerist í tölvupósti til [vigfus@hafnarfjordur.is](mailto:vigfus@hafnarfjordur.is). Fræðslufundurinn er liður í því verkefni að efla umræðu og fræðslu um lýðheilsu og efla samstarf skóla og frjáls félagsstarfs fyrir börn og unglinga í Hafnarfirði.



## Hvernig leiðir námsmat til betra skólakerfis?

Námsmat hefur á vissan hátt fengið æ meira vægi í skólasterfi síðustu ára en lengi þar á undan (þó á vissan hátt megi segja að um samfellda þróun hafi verið að ræða um langan tíma). Fræðirit vikunnar er skýrsla frá UNESCO þar sem velt er upp umræðu um hlut námsmats í að færa nemendum betri menntun. Hún heitir **Using assessment to improve quality of education** og er 101 síða að lengd (A-4). Námsmat, þá aðallega í merkingunni samræmd próf, skipar mikið vægi í

Using assessment to improve the quality of education

Thomas Kellaghan and Vincent Greaney

Paris 2001  
UNESCO: International Institute for Educational Planning

International Institute for Educational Planning <http://www.unesco.org/iiep>

**VEFSLÓÐ:** <http://unesdoc.unesco.org/images/0012/001262/126231e.pdf>

## Fræðiefnið

skólapólitískri umræðu og þá enn frekar í alþjóðlegum samanburði eins og PISA, jafnvel meira en eðlilegt er fyrir skólasterfi. Þótt flest kennslufræðilíkon geri ráð fyrir mikilvægi námsmatsins í námsferlinu virðist manni að stundum sé námsmatið eini þáttur þess sem skiptir máli og allt skólasterfi eigi að snúast um það. Námsmatið er mikilvægt til að hjálpa nemendum til að sjá hvernig nám tókst til og kennurum til að leiðbeina þeim hvað megi betur gera í kennslunni. Vert að skoða.

## Ertu að leita þér að framhaldsnámi?

**Ploteus** er vefgátt með leitarvél til að fá upplýsingar um nám innan Evrópu. Leitarvélina er á mörgum tungumálum, m.a. íslensku. Hún er ætluð öllum þeim sem vilja afla sér menntunar og eru kennarar þar einn markhópur af mörgum í vefgátinni.

Þótt allar upplýsingar leitarvélarinnar séu á íslensku eru leitarniður-

**VEFSLÓÐ:** <http://ec.europa.eu/ploteus/portal/home.jsp>



stöður það ekki. Ýmis leitar-skilyrði eru til að finna og afmarka námsmöguleika, t.d. eftir því á hvaða tungumáli er kennt í viðkomandi námi eða takmarka sig við ákveðin lönd til að læra í. Sömu leiðis eru veittar þar ýmsar upplýsingar um styrkmögu-

leika innan Evrópu og hjá Evrópusambandinu. Þá er einnig fjallað um flutninga milli landa, skólagjöld o.fl. Í flestum tilvikum þurfa Íslendingar að borga nærri þreföld skólagjöld á við heimafólk þar sem Ísland er ekki í Evrópusambandinu. Vel heppnuð vefgátt.

## Vefhornið